

6.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 12.júní 2019 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossda Melum 1, Björn Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Samkomulag eigenda Steinstún/Njálstaða og Krossness við Árneshrepp varðandi afnot af hafnarsvæðinu í Norðurfirði.
2. Leigusamningur vegna útleigu á skólaíðbúð.
3. Fundur oddvita og varaoddvita með fulltrúa Mótus 4.júní s.l. Fundargerð lögð fram til kynningar.
4. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Elínu Öglu Briem, varðandi ökuhraða á verslunar- og hafnarsvæði, lagt fram til umræðu.
6. Fundargerð skipulagsfundar lögð fram til umræðu og afgreiðslu hreppsnefndar.
7. Bréf frá Persónuvernd dags. 27.maí, lagt fram til kynningar.
8. Mál gegn Árneshreppi vegna sveitastjórnakosninga á síðasta ári. Árneshreppur vann málið, en dómi hefur nú verið áfrýjað.
9. Bréf dags.7.júní til Orkubús Vestfjarða varðandi rafmagnsmál.
10. Tímabundin leyfi til fiskmóttöku, skýrsla um úttekt.

1. Samkomulag eigenda Steinstúns/Njálstaða og Krossness við Árneshrepp varðandi afnot af hafnarsvæðinu í Norðurfirði. Tillaga að samkomulagi lagt fyrir hreppsnefnd og samþykkt, oddvita falið að ganga frá málum.
2. Leigusamningur vegna útleigu á skólaíðbúð. Hreppsnefnd samþykkti ekki þá upphæð sem oddviti var búinn að nefna svo að farið verður í viðræður við leigutaka og komist að samkomulagi við hann.
3. Fundur oddvita og varaoddvita með fulltrúa Mótus 4.júní s.l. Fundargerð lögð fram til kynningar. Ekki var tekin ákvörðun um að taka upp samstarf við fyrirtækið, en ákveðið að skoða fleiri möguleika.
4. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu Íslands, lagt fram til kynningar.
5. Bréf frá Elínu Öglu Briem, varðandi ökuhraða á verslunar- og hafnarsvæði, lagt fram til umræðu. Oddvita falið að tala við Vegagerðina um úrlausnir.
6. Fundargerðir skipulagsnefndar sem haldnir voru 6.júní og 11.júní s.l. lagðar fram til umræður og afgreiðslu hreppsnefndar.

Á fundinum 6.júní voru tekin fyrir fjögur atriði; „1. Deiliskipulag vegna rannsóknarleyfis, Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn er varða deiliskipulagið og gerir ekki athugasemd við að hreppsnefnd birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild stjórnatíðinda. 2. VesturVerk óskar eftir framkvæmdaleyfi fyrir viðhaldi Ófeigsfjarðarveggar (649) Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfi með vísan til 13.gr. skipulagslaga og óskar eftir að skipulagsfulltrúi auglýsi leyfið þegar samningur liggur fyrir við Vegagerðina. 3. Bátaskýli á Gjögri, óleyfisframkvæmd og nr. 4. Byggingarleyfi. Hreppsnefnd samþykkir hér með fundargerð skipulagsnefndar.

**Umsókn Vesturverks ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir vinnuvegum og efnistöku vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun.**

Erindi dags. 4. júní 2019, frá Gunnari Gauki Magnússyni framkvæmdastjóra, f.h. VesturVerks ehf., þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir vinnuvegum og efnistöku vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Erindið varðar sömu framkvæmd og framkvæmdaleyfisumsókn frá september 2018. Auk fylgigagna upphaflegs erindis fylgir með erindinu uppfærð lýsing framkvæmdar, dags. 31. maí 2019 og Frágangsaætlun, dags. 31. maí 2019.

Sótt er um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. og 6. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 fyrir framkvæmdinni vinnuvegir og efnistaka vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrirbyggjandi og meðfylgjandi. Sótt er um framkvæmdina á grundvelli Aðalskipulags Árneshrepps 2005-2025. Þá er í framkvæmdalýsingu vísað til deiliskipulagsins; Hvalárvirkjun v/rannsókna.

Framkvæmdalýsing, dags. 31. maí 2019, sem er aðalþáttur gagnanna er tekin saman af verkfræðistofunni Verkís f.h. VesturVerks ehf. Er vísað til hennar um frekari skýringar og lýsingar á framkvæmdinni. Þá er vísað til álits Skipulagsstofnunar dags. 3. apríl 2017. Vegna umsóknar um framkvæmdina var óskað eftir umsögn náttúruverndarnefndar Árneshrepps, sbr. fundargerð dags. 25. október 2018.

Hreppsnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Árneshrepps 2005-2025 og deiliskipulagið Hvalárvirkjun v/rannsókna, sem samþykkt var af hreppsnefnd Árneshrepps 13. mars 2019, og bíður nú auglýsingar, sbr. yfirferð Skipulagsstofnunar, dags. 28. maí 2019.

Hreppsnefnd hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar: Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi, dags. 3. apríl 2017. Við samanburð á framkvæmd sem fyrirbyggjandi umsókn lýsir og matsskýrslu vegna framkvæmdarinnar Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi, er sýnt að framkvæmdin varðar einungis hluta þeirrar framkvæmdar, þ.e. rannsóknir, s.s. á jarðfræðilegum þáttum, vegagerð, s.s. vegum að og um virkjunarsvæði, brúargerð yfir Hvalá, efnistöku og efnislosun, byggingu fráveitu, öflun neysluvatns, uppsetningar vinnubúða og framkvæmda við verklok, sbr. lýsingu í 4. kafla framkvæmdalýsingar.

Í álit Skipulagsstofnunar kemur fram að við undirbúning leyfisveitinga þurfi leyfisveitendur að taka sérstaklega afstöðu til ákveðinna sjónarmiða umsagnaraðila með hliðsjón af ákvæðum 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga og 7. mgr. 13. gr. skipulagslaga. Það er vegna sjónarmiða um að draga eins og kostur er úr raski á landslagi og náttúru og möguleika á minnkun á umfang virkjunar, t.d. svo að hún taki ekki til vatnasviðs Eyvindarfjarðarár og/eða að tryggt sé tiltekið lágmarksrennsli í þeim ám sem

virkjunin hefur áhrif á. Þar sem umsótt framkvæmd varðar ekki byggingu virkjunarmannvirkja og breytingar á vatnafari, hefur þessi umfjöllun álitsins takmarkaða þýðingu við málsmeðferð nú. Í aðalskipulagi og deiliskipulagi hefur sérstaklega verið hugað að því að draga úr raski ef horfið yrði frá byggingu virkjunar.

Í áliti Skipulagsstofnunar, dags. 3. apríl 2017, kemur fram að setja þurfi skilyrði við leyfisveitingar vegna framkvæmdarinnar. Við breytingar á aðalskipulagi Árneshrepps og samþykkt deiliskipulagsins, Hvalárvirkjun v/rannsóknna, sem hvoru tveggja hefur farið fram eftir umhverfismatsferli Hvalárvirkjunar, hafa mótvægisáðgerðir vegnar framkvæmdarinnar verið útfærðar, sbr. kröfur um frágang vega, skilmála vegna verkloka, aðstöðu ef horfið yrði frá virkjun o.fl. Árneshreppur hefur því tekið afstöðu til álits Skipulagsstofnunar við gerð nýrra skipulagsáætlana og þá m.a. horft til áherslna sem koma fram í álitinu. Í gögnum með framkvæmdaleyfisumsókn er gerð grein fyrir hvaða rannsóknir á vatnalífi, fuglalífi og skráning menningarminja hafa farið fram eftir gerð álits Skipulagsstofnunar og skilyrðum álitsins þannig mætt.

Hreppsnefnd dregur ekki í efa helstu niðurstöður álits Skipulagsstofnunar. Þó telur nefndin að áhrif á ferðþjónustu og útvist verði ekki eins neikvæð eins og þar er tilgreint, enda geta samgöngur eflst og þar með aðgengi að svæðum. Jafnframt geti ásýnd hluta framkvæmdasvæðis að loknum framkvæmdum haft svipmót óraskaðra svæða, enda felst breytt landnotkun í stækkun vatna sem fyrir eru og gerð mannvirkja verði í samræmi við mótvægisáðgerðir. Byggt er á því að komi til umsóknar um framkvæmdaleyfi fyrir Hvalárvirkjun, muni Árneshreppur sem leyfisveitandi, fjalla um fyrirliggjandi álit Skipulagsstofnunar með tilliti til framkvæmdar sem þá yrði sótt um.

Með vísan til 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga er gætt að því að fylgt sé ákvæðum náttúruverndarlaga. Umsótt framkvæmd hefur verið umhverfismetin og ekki er óvissa um áhrif framkvæmdar. Framkvæmd er á og við svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, m.a. stöðuvötn.

Við málsmeðferð skipulagsákvæðana hefur verið leitað umsagna Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 68. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar, aðalskipulag og deiliskipulag vegna tengt Hvalárvirkjun. Við umfjöllun um framkvæmdaleyfisumsókn var óskað eftir umsögn náttúruverndarnefndar Árneshrepps, sbr. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Hreppsnefnd vísar til þess að málsmeðferð samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga varðar framkvæmdaleyfisumsóknir, óháð því hvort mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram. Umrædd framkvæmd hefur fengið ítarlega málsmeðferð við umhverfismat áætlana og umhverfismat framkvæmdar. Sú vinna hefur að áliti hreppsnefndar hvílt á því markmiði að draga úr og forða raski á svæðum sem njóta sérstakrar verndar.

Hreppsnefnd leggur til að eftirfarandi skilyrði verði sett í framkvæmdaleyfi til viðbótar lýsingu á fyrirkomulagi um efnistöku: Þurfi að koma til nýtingar ársetsnámu við Hvalá ofan neðra Hvalárvatns skal vinnsla námunnar hafin sem fjærst vatnsborði og skilið eftir óraskað belt milli námu og vatnsbakka.

Jafnframt verði það skilyrði sett að til frekari fyllingar á lýsingu í kafla 6.7 um vöktunaráætlun og umhverfisúttekt að upplýsingagjöf til sveitarfélagsins um framvindu verkframkvæmda verði a.m.k. mánaðarlega á tímabili framkvæmda.

Umsótt framkvæmd varðar frekari undirbúning Hvalárvirkjunar. Undirbúningur þeirrar framkvæmdar hefur staðið yfir um áráðir og verið til umfjöllunar stjórnvalda samkvæmt löggjöf um verndar- og orkunýtingaráætlun og skipulags- og umhverfislöggjöf. Hvalárvirkjun, sem umsótt framkvæmd hefur bein tengsl við, er flokkuð í orkunýtingarflokk samkvæmt áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða sem samþykkt er af Alþingi. Sveitarfélagið hefur haft nánari útfærslu framkvæmdarinnar til umfjöllunar í skipulagsáætlunum, en umsótt framkvæmd hefur m.a. það markmið að rannsóknir fari fram sem geta nýst við gerð deiliskipulags sem varðar byggingu Hvalárvirkjunar. Hreppsnefnd vísar til stefnu Árneshrepps sem mörkuð er með aðalskipulagi sveitarfélagsins og mótvægisáðgerðir sem koma fram í deiliskipulagi og fyrirbyggjandi framkvæmdalýsingu.

Lagaskilyrði eru til útgáfu umsóttts framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 Hreppsnefnd samþykkir umsókn VesturVerks ehf. um framkvæmdaleyfi fyrir vinnuvegum og efnistöku vegna rannsókna fyrir Hvalárvirkjun og jafnframt að skipulagsfulltrúa er falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þegar deiliskipulagið Hvalárvirkjun v/rannsókna hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Framkvæmdaleyfisgjald ákveðst samkvæmt gjaldskrá Árneshrepps um framkvæmdaleyfisgjald.

7. Bréf frá Persónuvernd dags. 27.maí, lagt fram til kynningar.
8. Mál gegn Árneshreppi vegna sveitastjórnarkosninga á síðasta ári. Dómur var kveðinn upp 10.maí og féll Árneshreppi í vil. Nú er ljóst að dómnum hefur verið áfrýjað til Landsréttar og verður málið væntanlega tekið fyrir þar í haust.
9. Bréf dags. 7.júní til Orkubús Vestfjarða varðandi rafmagnsmál. Tölvupóstur lagður fram til umræðu. Ýmislegt fleira þarf að gera og endurbætur verða gerðar eins fljótt og hægt verður.
10. Tímabundin leyfi til fiskmóttöku, skýrsla um úttekt. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskmóttökuna og skýrsla frá Mast hefur verið prentuð út til leiðbeininga vegna væntanlegra endurbóta.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:00